

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Flóahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Flóahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Skyggfir.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu Skyggfis. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarksbyggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.910 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita.

Samþykkt í sveitarstjórn 28. mars 2023.

Deiliskipulagsbreyting, Ragnheiðarstaðir 2.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til lóðar Fornustaða. Í breytingunni felst að almennum byggingarskilmálum vegna vélaskemmu á byggingarreit B1 verði breytt þannig að heimiluð hámarksstærð vélageymslu verði allt að 300 m² og mesta vegg hæð verði allt að 4 m.

Samþykkt í sveitarstjórn 26. apríl 2023.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 12. maí 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. maí 2023